



Lögfræðingafélag  
Íslands

# Tímarit lögfræðinga

1. hefti • 52. árgangur  
febrúar 2002

- 1 Áhrif að utan
- 
- 7 Davíð Oddsson:  
Valdheimildir löggjafans og úrskurðarvald dómstóla
- 
- 15 Þorgeir Örlygsson:  
Gildissvið kaupalaga nr. 50/2000
- 
- 39 Magnús M. Norðdahl:  
Hugleiðingar um íhlutunarrétt dómstóla og  
samkeppnisyfirvalda í málefni verkalýðsfélaga
- 
- 55 Jónas Jóhannsson:  
„Börnin heim“ – Afhending barna á grundvelli Haag-  
samningsins og viðurkenning og fullnusta á grund-  
velli Evrópusamningsins með hliðsjón af íslenskri  
réttarfræðingum –
- 
- 81 Á við og dreif:  
Frá Dómarafélagi Íslands

Útgefandi: Lögfræðingafélag Íslands • Ritstjóri: Friðgeir Björnsson • Framkvæmdastjóri: Steinunn Guðbjartsdóttir  
• Afgreiðsla: Brynhildur Flóvenz, sími 68 0887 • Netfang li@if.is • Áskriftargjald  
kr. 3.534 á ári, kr. 2.394 fyrir lag. í f. prentaði í febrúar 2002



*Davíð Oddsson lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1976. Hann var skrifstofustjóri og síðar framkvæmdastjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur 1976-1982, borgarstjóri 1982-1991 og hefur verið forsætisráðherra frá 30. apríl 1991.*



Davíð Oddsson:

## **VALDHEIMILDIR LÖGGJAFANS OG ÚRSKURÐARVALD DÓMSTÓLA<sup>1</sup>**

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR
2. ÚRSKURÐARVALD DÓMSTÓLA
3. VALDHEIMILDIR LÖGGJAFANS OG FJÁRSTJÓRN RÍKISINS
4. MANNRÉTTINDAÁKVÆÐIN – GRUNDVALLARBREYTING Á STJÓRNSKIPUN RÍKISINS?
5. ER HLUTVERK DÓMSTÓLA AÐ BREYTAST?
6. NIÐURLAG

### **1. INNGANGUR**

Síðastliðið haust efndi Lögfræðingafélag Íslands til málþings um mörk löggjafarvalds og dómvalds undir yfirskriftinni: Er hlutverk dómstóla að breytast? Þessi spurning kom vel á vandan, því það vill nefnilega svo til, að hún er nákvæmlega hin sama og ég hafði sjálfur borið fram, upphátt og opinberlega,<sup>2</sup> þegar dómur Hæstaréttar um tekjutryggingu öryrkja gekk í desembermánuði árið 2000.<sup>3</sup> Þá brá hins vegar svo við, að ég var úthrópaður fyrir uppátækið,

<sup>1</sup> Grein þessi er byggð á erindi, sem flutt var á málþingi Lögfræðingafélags Íslands 28. september 2001.

<sup>2</sup> Viðtal við Davíð Oddsson forsætisráðherra í Morgunblaðinu 21. desember 2000.

<sup>3</sup> Dómur Hæstaréttar frá 19. desember 2000 í málinu nr. 125/2000 Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands og gagnsök.

bæði á Alþingi og í fjölmiðlum.<sup>4</sup> Ég hefði þar með ráðist, bæði að Hæstarétti og að sjálfri stjórnarskránni með hrokafullum og einstæðum hætti. Frumkvæði félags lögfræðinga og húsfyllin á málþinginu gaf hins vegar til kynna, að lögfræðingar teldu efnið almennt eiga við sig brýnt erindi, og að fleiri en ég vildu leita svara við þeirri spurningu, sem lögð var fyrir þátttakendur, enda hafa ýmsar úrlausnir dómstóla síðustu misseri gefið til þess ríkt tilefni, að um þær sé fjallað í víðara samhengi.

## 2. ÚRSKURÐARVALD DÓMSTÓLA

Úrskurðarvald dómstóla um stjórnskipulegt gildi laga á sér ekki beina stoð í settum ákvæðum stjórnarskrár, og heimildin virðist í upphafi sjálftekin eða innflott með tiltölulega átakalitlem hætti frá Dönum,<sup>5</sup> þar sem dómstólar virðast í upphafi líka hafa tekið sér það vald sjálfir,<sup>6</sup> en það hafa þeir þó farið sparlegar með en hér hefur verið gert.<sup>7</sup> Hvað sem líður ætt og uppruna þessa úrskurðarvalds, telst það fyrir löngu venjuhlegð og viðurkennt hér á landi,<sup>8</sup> og hafa aðrir handhafar ríkisvaldsins, Alþingi og ríkisstjórn, ráðið mestu um þá þróun. Það má nefnilega halda því til haga, að engin ríkisstjórn eða löggjafarþing hefur nokkurn tímann dregið heimildir dómstóla í efa að þessu leyti, og a.m.k. hafa þær ríkisstjórnir, sem ég hef leitt, talið sér rétt og skylt að bregðast hratt og vel við þeim dómum, sem að þeim hafa beinst, þótt álitid á niðurstöðunum hafi í einhverjum tilvikum ekki verið mikið.

Þessi ótvíræði skilningur framkvæmdar- og löggjafarvalds eykur enn á ábyrgð dómstólanna, þegar þeir taka sér fyrir hendur að meta stjórnskipulegt gildi laga, er Alþingi hefur sett. Og þótt ég sé þannig samþykkuð því, að úrskurðarvaldið sé fyrir hendi, er miklu umdeilanlegra, hversu langt þær vandmeðförn heimildir ná og hvernig þeim er beitt. Þar hafa menn farið alvarlega út af sporinu á síðustu misserum, að mínu mati, af ástæðum sem mér eru ókunnar.

4 Sbr. m.a. viðtal við Bryndísi Hlöðversdóttur alþingismann í Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi 21. desember 2000.

5 Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands. 2. útg. 1978, bls. 403 (nmgr.) og 410; Jón E. Ragnarsson: „Úrskurðarvald um stjórnskipulegt gildi laga eða íslenskur reynsluréttur“. Úllfljótur. 1962, bls. 104.

6 Ragnhildur Helgadóttir: „Úrskurðarvald dómstóla um stjórnskipulegt gildi laga“. Afmælisrit Þór Vilhjálmsson sjötugur. 2000, bls. 493; Rytter, J.E.: Grundrettigheder - Domstolenes fortolkning og kontrol med lovgivningsmagten. 2000, bls. 323; Zahle, H.: Dansk forfatningsret 2. 2. útg. 1996, bls. 211, 214.

7 Sbr. Zahle, H., bls. 215, 222-223. Hæstiréttur Danmerkur vék lögum í fyrsta skipti til hliðar vegna þess að þau stönguðust á við stjórnarskrána í dómi frá árinu 1999 í svokölluðu Tvind-máli, sbr. UFR 1999.841 H. Í forsendum eldri dóma réttarins allt frá árinu 1921 hafði þó skýrlega verið á því byggt, að dómstólar gætu með stjórnskipulegt gildi laga, sbr. m.a. UFR. 1921.148 H og 1921.153 H.

8 Ólafur Jóhannesson, bls. 412-413.

Ýmsir telja, að meginskýringin hljóti að vera sú, að dómstólarnir hafi verið að fóta sig á hinum nýju mannréttindaákvæðum stjórnarskránnar, og þá hafi einkum vafist fyrir þeim að höndla hina margslungnu jafnræðisreglu, og í þeirri glímu hafi þeir farið nokkuð út fyrir þau mörk, sem viðtekið hefur verið að draga á milli valdheimilda löggjafarvalds og dómstóla og þegar verst lætur, raskað þeim í grundvallaratriðum.

## 3. VALDHEIMILDIR LÖGGJAFANS OG FJÁRSTJÓRN RÍKISINS

Röskun á þessum mörkum veldur ekki aðeins vandræðum fyrir dómstólana og margvíslegum vandkvæðum í landsstjórninni, heldur getur hún að mínu mati haft djúpstæð og alvarleg áhrif á lýðræðislega þróun stjórnkerfis okkar og grafið undan ákveðinni útfærslu lýðræðislega stjórnarháttar og ábyrgðar, sem innbyggð er í stjórnkerfið sjálft. Mannréttindaákvæðin tryggja nefnilega ekki ein sér þau grundvallarréttindi, sem þeim er ætlað að vernda. Athafnafrelsi einstaklinganna hlýtur einnig að sækja stoð sína í þær grundvallarreglur, sem stjórn og skipulag samfélagsins – sjálf stjórnskipun ríkisins – byggist á, og þar eru löggjafanum augljóslega fengin undirtökin gagnvart öðrum handhöfum ríkisvalds, m.a. með þeim áhrifum, sem honum eru tryggð, á fjárstjórn ríkisins.

Hér þarf ekki að eyða mörgum orðum í að rifja upp, af hverju ekki er fullt jafnræði með réttarstöðu hvers handhafa ríkisvaldsins um sig, og hvers vegna löggjafinn nýtur þar algerrar lykilstöðu gagnvart öðrum handhöfum ríkisvalds. Svárið liggur í augum uppi, og í því svári birtast e.t.v. hvað skýrast hugmyndir vestrænna manna um lýðræðislega stjórnarhætti og réttaröryggi borgaranna: Það er vegna þess, að sá handhafi ríkisvaldsins, sem þetta vald er falið, er sá eini, sem fólkið í landinu getur milliliðalaust náð til. Hann er valinn með reglulegu millibili í almennum kosningum. Til kjósendanna sækir löggjafarþingid umboð sitt, og þeim stendur það skil gjörða sinna á minnst fjögurra ára fresti. Af þeim sökum er þessari stofnun ekki aðeins falin meðferð löggjafarvaldsins, heldur er henni einnig tryggð margvísleg áhrif önnur á alla framkvæmdastjórn ríkisins, bæði með þingræðisvenjunni og fjárstjórnarvaldinu. Aðrir handhafar ríkisvalds sækja ekki umboð sitt til þjóðarinnar með viðlíka hætti, og af því hljóta starfskilyrði þeirra og afstaða til löggjafans að mótast.<sup>9</sup>

Þessi grundvallarmunur á eðli löggjafans annars vegar og dómstóla hins vegar og á aðkomu þeirra að störfum sínum, tel ég að veiti okkur veigamikla leiðbeiningu um, hversu langt dómstólar geti gengið í því að endurskoða mat löggjafans, t.a.m. á inntaki mannréttindaákvæða stjórnarskránnar. Ég tel reyndar, að þar séu ákveðin mörk dregin, sér í lagi að því er varðar þau réttindi, sem talin eru efnahagslegs, félagslegs og menningarlegs og mér liggur við að segja pólitífsks eðlis. Þetta eru þau réttindi, sem stundum eru skilgreind sem

9 Sbr. Christensen, B.: Forvaltningsret. Opgaver. Hjemmel. Organisation. 2. útg. 1997, bls. 104; Ólafur Jóhannesson, bls. 94.

jákvæð í þeim skilningi, að þau kalla á, að ríkið grípi til ákveðinna og oft mjög kostnaðarsamra aðgerða til að fylgja þeim eftir.

Inntak slíkra réttinda hlýtur hins vegar mjög að stjórnast af efnahagslegum aðstæðum í þjóðfélaginu á hverjum tíma og þeim fjármunum, sem þá eru til ráðstöfunar. Og af þeim er aldrei nóg. Það eru og verða er og kýr stjórnmalanna að forgangsraða fjárveitingum, að velja og hafna og ákveða, hvaða þjóðlífsþörfum er brynast að mæta í það og það skiptið. Mat á því, hvornig þeirri köku er skipt, hlýtur að vera hjá þeim handhafa ríkisvalds, sem falin er fjárstjórn ríkisins, þ.e.a.s. löggjafanum. Og hvers vegna er hún þar, en ekki annars staðar? Handhöfn löggjafans á fjárstjórn ríkisins skýrist af áhrifum hennar, bæði á almenning og á alla framkvæmdastjórn ríkisins, og þannig stendur hún í beinum tengslum við aðra grundvallarþætti lýðræðisskipulagsins. Sumir, þ. á m. Ólafur Jóhannesson fyrrum forsætisráðherra og lagaprófessor, ganga jafnvel svo langt að segja að fjárstjórn þingsins sé nauðsynleg forsenda þingræðis.<sup>10</sup> Á sama hátt mætti þá einnig halda því fram, að fjárstjórn þess sé nauðsynleg forsenda lýðræðis. Hvað sem þeim vangaveltum líður, tel ég þó alltént óhætt að slá því föstu, að fjárstjórnarréttur þingsins mótar a.m.k. inntak beggja þessara hugtaka að verulegu leyti og tryggir, að völd og ábyrgð fari saman. Með nokkurri einföldun má e.t.v. segja, að tenging fjárstjórnarvaldsins við aðra þætti stjórnskipulagsins birtist í því, að ædstu handhafar framkvæmdarvaldsins – ríkisstjórnin – bera á grundvelli þingræðisvenjunnar ábyrgð á framkvæmd fjárlaga gagnvart Alþingi, og á grundvelli lýðræðisskipulagsins stendur þingið almenníngi skil gjörða sinna með reglulegu millibili.

Það gera dómstólar hins vegar ekki, og í því ljósi sést líklega hvað best, hversu alvarlegar afleiðingar það getur haft fyrir allar forsendur lýðræðislegra stjórnarháttá í þjóðfélaginu, þegar dómstólar taka sér engu að síður vald til að blanda sér á þennan hátt í fjárstjórn ríkisins, án þess að bera á nokkurn hátt ábyrgð á, að endar nái saman, eða á alkomu og tekjuöflun ríkissjóðs að öðru leyti.

Um leið og þeir stíga það óheilla- – og ég segi óheimila – spor, sökkva þeir sér á augabragði á bólaþak í skyldingum stjórnmalanna. Stjórnmalamenningin taka sér á hinn bóginn vopn dómara í hendur og skylmast með lögum og allt ætla um koll að keyra, eins og dæmin hafa sannað, þegar slíkar niðurstöður hafa komið úr Hæstarétti, og umræða um landsins gagn og nauðsynjar fer öll í þennan fráleita farveg. Og það sýnir þó kannski best, hvað dómstólar eru illa til þess fallnir að fara í fötin löggjafans og stjórna landinu, að setja þurftu heila nefnd sérfræðinga til að ráða í, hvaða þýðingu dómurinn um tekjutryggingu öryrkja raunverulega hafði og leggja á um viðbrögð við honum. Og á endanum varð niðurstaða hans ekki nema öðrum þræði byggð á lögfræðilegu mati, því

ákvörðun um lágmarkstekjutryggingu ofan þeirra marka, sem dómurinn setti, hlaut alltaf að verða pólitísks, en ekki lögfræðilegs eðlis.<sup>11</sup>

#### 4. MANNRÉTTINDAÁKVÆÐIN – GRUNDVALLARBREYTING Á STJÓRNSKIPUN RÍKISINS?

Þegar því lík endaskipti eru höfð á hlutunum, er engin furða að menn spyrji sig, hvort það hafi raunverulega verið ætlan stjórnarskrárgjafans, þegar nýju mannréttindaákvæðin voru tekin í stjórnarskrá, að gera slíka grundvallarbreytingu á mörkum löggjafar- og dómvalds í leiðinni, án þess að ræða það í einni setningu og færa lagasetningar- og fjárstjórnarvald hinna lýðræðislega kjörnu fulltrúa frá Alþingi til dómstólanna. Ég þykist mega fullyrða, að svo hafi ekki verið. Hefði það verið ætlunin að stíga slíkt skref, er ekki vafi á, að það hefði komið fram með ótvíráðum hætti við undirbúning málsins, og þá hefði texti stjórnarskrárinnar og þau gögn, sem viðtekið er að nýta henni til skýringar, endurspeglad þá breytingu með afdráttarlausum hætti. Svo er hins vegar ekki. Könnun lögskýringargagna bendir einmitt ótvírátt til, að sú hafi ekki verið ætlunin.

Þegar lítið er til þeirra dómsmála, sem mestur styr hefur staðið um að undanfögnu, vekur það athygli, að það er einn af þessum stjórnskrárgjafum, sem notuð er til að mæla upp verk löggjafans, og leggja það mál á vogarskálur mannréttindaákvæðanna um efnahagsleg og félagsleg réttindi. Sumum mun þykja, að hefðbundin flokkun mannréttinda í þessa tvo flokka, borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi annars vegar og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi hins vegar, sé orðin gamaldags.<sup>12</sup> Fram hjá því verður þó ekki lítið, að það er sú flokkun mannréttinda, sem byggt var á í greinargerð með frumvarpi því, er varð að stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995, og reyndar birtur um hana sérstakur kafli.<sup>13</sup>

Þar var áréttað, að sú stefna hefði verið mörkuð við ákvörðun um það, hvaða réttindum skyldi bætt við stjórnarskrána, að leggja fyrst og fremst áherslu á borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, þ.e.a.s. þau, sem skilgreind hafa verið sem neikvæð í þeim skilningi, að þau skuldbinda ríkið einkum til að sýna af sér ákveðið athafnaleysi og að aðhafast ekkert það, sem brotið getur gegn þessum réttindum. Af þeim sökum hafi jafnframt verið ákveðið að bæta ekki í neinum teljandi mæli við efnahagsleg og félagsleg réttindi í stjórnarskránni, þ.e.a.s. þau, sem fela í sér jákvæð og kostnaðarsöm réttindi, heldur áhersla lögð á að

11 Skýrsla starfshópsins var birt sem fylgiskjal III með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 3/2001, um breytingu á lögum um almennatryggingar, nr. 117 20. desember 1993, með síðari breytingum, sbr. Alþt. A 2000–2001, bls. 2513–2534.

12 Sbr. „Rökstólar um mannréttindi í stjórnarskrá Íslands: Lögfræði eða pólitík?“ Útljótur 1995, bls. 451–470; sbr. jafnfr. **Oddný Mjöll Arnardóttir**: „Um gildissvið hinnar almennu jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar“. Tímarit lögfræðinga 1997, bls. 106 o.áfr.

13 Alþt. A 1994–1995, bls. 2076–2077.

10 Ólafur Jóhannesson, bls. 301; Ásgeir Pétursson: „Um fjárlög“. Útljótur. 1954, bls. 3.

færa þau réttindi, sem fyrir voru, til nútímahorfs.<sup>14</sup> Það var m.ö.o. ekki ætlan stjórnarskrárgjafans að gera neinar meiriháttar breytingar á þeim jákvæðu skyldum, sem stjórnarskráin hafði áður lagt ríkinu á herðar. Vilji stjórnarskrárgjafans stöð til þess, að þær væru að mestu leyti hinar sömu og þar höfðu áður verið.

Og þessar skýringar eiga, vel að merkja, einnig við um hina svonefndu jafnræðisreglu, sem dómstólar vísa einnig til, þegar ætlan þeirra er að víkja af þeirri leið, sem lögjafinn hefur valið. Þessi grein var út af fyrir sig nýmæli í **settum** ákvæðum stjórnarskrár, en hafði þó engu að síður verið álitin ein helsta undirstaðan í íslenskri stjórnskipun, svo enn sé vitnað í greinargerð með stjórnarskrárbreytingunum.<sup>15</sup> Miðað við þá skýringu, verður ekki séð, að hún hafi átt að verða þess valdandi, að við stæðum í þeim sporum nokkrum árum síðar að þurfa að velta því fyrir okkur í fullri alvöru, hvort hún hafi raunverulega átt að leiða til svo stórkostlegra breytinga á viðtekinni verkaskiptingu í stjórnskipun ríkisins, sem nýleg dómsmál bera vitni um. Nei, skýringin á því liggur líklega miklu fremur í því, að dómstólar virðast hafa tilhneigingu til að ljá hinni settu jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar annað og meira gildi en stjórnarskrárgjafinn ætlaðist til, og leitt af henni jákvæðar skyldur langt umfram það, sem lögskýringargögn renna stöðum undir og stjórnskipun ríkisins gerir sjálf ráð fyrir.

## 5. ER HLUTVERK DÓMSTÓLA AÐ BREYTAST?

Spurningin, sem beint var til okkar á málþinginu, var sú, hvort hlutverk dómstóla væri að breytast. Eins og skilja hefur mátt á framanrituðu, tel ég ekki svo vera. Það er að minnsta kosti ljóst, að hvorki almenni lögjafinn né stjórnarskrárgjafinn hafa gefið nokkra heimild né nokkurt tilefni til að ætla, að það hlutverk eigi að breytast. Ég tel því, að hlutverk dómstóla í stjórnskipun ríkisins sé og eigi í grundvallaratriðum að vera hið sama og verið hefur, að setja niður þrætur og binda enda á deilur manna í millum, allt eftir því sem lög standa til. Í ljósi þeirra dómsmála, sem mestur styr hefur staðið um að undanförunu, óttast ég hins vegar, að dómstólar séu að **taka sér** nokkuð annað hlutverk en stjórnskipun okkar gerir að öðru jöfnu ráð fyrir. Og þá setja þeir ekki niður deilur manna, heldur magna þær upp – dómur verður þá ekki endir hverrar þrætu, heldur upphaf hatrammra deilna, sem í verstu tilvikunum eitra allt þjóðfélagið, eins og við höfum því miður alltof mörg dæmi um upp á síðkastið.

Verði framhald á þeirri þróun, er ég hins vegar hræddur um, að stutt sé í fleiri breytingar. Eftirlit almennra dómstóla með stjórnskipulegu gildi laga er ekki nema í besta falli tilviljanakennt, og eftir því, sem þeim sérhagsmunahópum fjölgar, sem sjá sér nú leik á borði að bera þær pólitísku kröfur undir dómstólana, sem þeir hafa ekki fengið framgengt á þjóðþinginu, versnar staðan enn.

14 Alþt. A 1994–1995, bls. 2081.

15 Alþt. A 1994–1995, bls. 2085.

Orðtakið að hefna þess í héraði sem hallaðist á Alþingi mun þá breytast í að hefna þess í Hæstarétti, sem hallaðist á Alþingi. Við þær aðstæður munu þingmenn vilja fá skýrari svör um inntak valdheimilda sinna. Mörgum er sjálfsagt í fersku minni bréfaskipti forseta Alþingis og Hæstaréttar í tilefni af öryrkjamálinu svonefnda.<sup>16</sup> Á þeim bréfaskiptum höfðu menn misjafnar skoðanir. Ég tel hins vegar, að þau hafi, eins og á stöð, verið fullkomlega eðlileg – og reyndar óhjákvæmileg – og spái því, að slíkum bréfaskiptum muni fjölga, ef dómstólar halda áfram á sömu braut, og þar kemur þá auðvitað sögu, að menn vilja fá svörin fyrirfram. Og þá er nærtækt, að menn spyrji sig, hvort það eigi áfram að vera hlutverk almennu dómstólanna að skera úr um stjórnskipulegt gildi laga, eða á e.t.v. að færa það til sérstaks stjórnlagadómstóls. Ég veitti því athygli, þegar slíkum hugmyndum var hreyft síðastliðinn vetur, að fáir fræðimenn urðu til að mæla þeirri leið bót, og töldu fremur skorta á, að lagafrumvörp sættu vandaðri og samræmdri athugun, áður en þau væru samþykkt, ýmist af stjórnarráðinu sjálfu, eða á vettvangi Alþingis.<sup>17</sup> Ég get út af fyrir sig tekið undir, að lítið stjórnkerfi í fámennu landi ætti fremur að huga að því að styrkja þær stofnanir, sem fyrir eru, til að rísa undir hlutverki sínu en að búa til nýjar, og hef meira að segja lýst mig reiðubúinn til að beita mér fyrir, að komið verði upp sérstakri lagaskrifstofu við stjórnarráðið, til að fara með samræmdum hætti yfir frumvörp ríkisstjórnarinnar og meta, hvort þau samræmist stjórnarskrá.<sup>18</sup> En á hverju eiga sérfræðingar á slíkri skrifstofu að byggja ráðgjöf sína, ef mat dómstóla á lögum er ekki orðið nema öðrum þræði lögfræðilegt? Ég er hræddur um, að slík skrifstofa yrði þá betur skipuð spákonum og félagsfræðingum en lögfræðingum.

## 6. NIÐURLAG

Á Alþingi var nýlega beint til mín fyrirspurn um, hvort ég hygðist beita mér fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar, og ef svo, hvaða atriði hennar ég teldi þá helst þörf á að endurskoða.<sup>19</sup> Í svari mínu lýsti ég því m.a. yfir, sem e.t.v. er ástæða til að ítreka hér, að ég teldi ekki brýna þörf á að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, fyrr en af þeim hefði fengist meiri reynsla, og líklega væri miklu fremur ástæða til að hrófla ekki við þeim, meðan dómstólar væru að fóta sig á þýðingu þeirra og forsendum, og vonandi ná þar fótfestu, eftir því sem fram líða tímar.<sup>20</sup>

Á hinn bóginn lýsti ég mig reiðubúinn til samstarfs um endurskoðun ýmissa annarra atriða hennar.<sup>21</sup> Ákvæði stjórnarskrárinnar um dómvaldið eru t.a.m.

16 Alþt. B 2000–2001, dák. 3641–3642.

17 Viðtöl í Morgunblaðinu 3. febrúar 2001.


18 Alþt. B 1999–2000, dák. 3938; Alþt. B 2000–2001, dák. 4102–4103.

19 Alþt. A 2000–2001, bls. 2910.

20 Alþt. B 2000–2001, dák. 4287.

21 Alþt. B 2000–2001, dák. 4287, 4289.

helst til fátækleg og margt mætti orða þar með nútímalegri og greinarbetri hætti, einkum og sér í lagi þyrfti að skoða það, sem þar eru engin ákvæði um, en það er úrskurðarvald dómstólanna um stjórnskipulegt gildi laga. Ég tel hins vegar óþarfa að setja með beinum orðum í stjórnarskrána, að dómstólar setji ekki lög, því það liggur svo í augum uppi, að það væri óviðeigandi gagnvart stjórnarskránni að taka það fram. Enda tel ég, að enn sem komið er muni sá íslenski dómari vandfundinn, sem fylgir þeirri skoðun, að dómstólar setji lög. Og ætla má, fari svo, að dómaraframtíðarinnar teldu sig hafa hlotið guðlegt vald til að setja lög, sem hvergi væri þó stafur fyrir, kynnu þeir einnig að telja, að þeir gætu sett ný stjórnarskrárákvæði, ef svo bæri undir. Eða hver er munurinn, þegar glögg er skoðað?



*Þorgeir Örlygsson er prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Hann gegnir nú starfi ráðuneytisstjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.*

Þorgeir Örlygsson:

## GILDISSVIÐ KAUPALAGA NR. 50/2000

### EFNISYFIRLIT

1. VIÐFANGSEFNI KAUPALAGA – TENGLIN VIÐ KAUPSAMNING-  
INN
2. ÞÝÐING KPL. Í ÖÐRUM SAMNINGSSAMBÖNDUM EN LAUSA-  
FJÁRKAUPUM
3. GILDISSVIP KPL. – ALMENN ATRIÐI – YFIRLIT
4. HUGTAKIÐ KAUP
5. HUGTAKIÐ SKIPTI
6. PÖNTUNARKAUP – ÞJÓNUSTUSAMNINGAR
7. SAMNINGAR OG VIÐSKIPTAVENJUR
8. NEYTENDAKAUP
  - 8.1 Almenn atriði – Markmið sérreglna um neytendakaup
  - 8.2 Sölustarfsemi sé atvinna seljanda
  - 8.3 Persónuleg not kaupanda
  - 8.4 Þýðing vitneskju seljanda
  - 8.5 Kaup á kröfum og réttindum
  - 8.6 Atvinnustarfsemi: seljandi komi fram sem atvinnumaður
9. ALÞJÓÐLEG KAUP
  - 9.1 Almenn atriði
  - 9.2 Hugtakið alþjóðleg kaup
  - 9.3 Undantekning varðandi norrænan rétt
  - 9.4 Undantekning varðandi tilteknar tegundir alþjóðlegra kaupa
  - 9.5 Samræmd túlkun kpl. í alþjóðlegum kaupum
  - 9.6 Óleyst álitæfni
  - 9.7 Beinir efndir – Efndir in natura
10. EINSTAKLEGA ÁKVEÐIN KAUP OG TEGUNDARKAUP